

8. fundur Skólaráðs Grunnskóla Grindavíkur,  
6. júní 2012 kl. 17.30.

**Mættir voru:** Sigurður Kristmundsson, Sigríður Fjóra Benónýsdóttir, Halldóra K. Magnúsdóttir og Pálmi Ingólfsson.

Matthildur Þorvaldsdóttir, Jóhannes Gunnar Sveinsson og Guðjóna Breiðfjörð boðuðu forföll. Viktoría Róbertsdóttir, Lárus Guðmundsson og Nökkvi Harðarson boðuðu ekki forföll.

### **Dagskrá:**

#### **Umbótaáætlun – Úttekt menntamálaráðuneytis.**

Þar sem allir viðstaddir höfðu fengið kynningu á umbótaáætluninni, var ekki talin ástæða til að fara frekar yfir hana á þessum fundi.

#### **Farið yfir drög að skóladagatali 2012 – 2013.**

Halldóra Magnúsdóttir skólastjóri fór yfir drögin. Samkvæmt skóladagatalinu, þá byrjar skólinn næsta haust 23. ágúst og lýkur með skólaslitum 5. júní 2013. Gert er ráð fyrir vetrarfrii 5. nóvember. Ekki eru samskiptadagar í lok skóladags eins og verið hefur undanfarin ár. Nú eru teknir tveir skertir dagar 19. nóvember og 1. febrúar. Prófadögum fækkar. Fulltrúar skólaráðs gera ekki athugasemdir við skóladagatalið fyrir næsta skólaár eins og það liggur fyrir.

#### **Skipulag starfsmannamála næsta vetur.**

Búið er að ganga formlega frá ráðningu Guðbjargar M. Sveinsdóttur í stöðu aðstoðarskólastjóra frá og með 1. ágúst 2012. Aðstoðarskólastjóri verður jafnframt deildarstjóri miðstigs og umsjónaraðili verkefna. Deildarstjórar yngsta- og elsta stigs verða í 70% stöðuhlutfalli. Svigrúm er fyrir fagstjórn með einhverju sniði. Deildarstjórar munu stýra sérkennslu á hverju stigi fyrir sig. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri verður yfirmaður sérkennslu. Á fundinum var einnig farið yfir skipulag varðandi umjón með bekkjum næsta vetur.

#### **Endurmat starfsfólks skólans og hugmyndir fyrir næsta skólaár.**

Skipaðir voru fimm hópar í þessari vinnu þ.e. yngsta stig, miðstig, elsta stig, skólaliðar og list- og verkgreinakennarar. Lagðar voru þrjár lykilsurningar fyrir hópinn sem voru:

Hvað gekk vel í vetur?

Hvað gekk ekki vel í vetur?

Hugmyndir og tillögur fyrir næsta skólaár?

Hóparnir kynntu niðurstöður og var starfsfólk sammála um að vel hefði tekist til.

### **Opinn fundur skólaráðs fyrir aðila skólasamfélagsins?**

Enn var rætt hvernig skólaráð geti komið inn í skólastarfið með opnum fundi um skólamál. Eins þarf að vera áframhald í því að gera skólaráðið almennt virkara en verið hefur.

### **Önnur mál**

Halldóra skólastjóri gerði það að tillögu sinni að aðstoðarskólastjóri verði áheyrnarfulltrúi í skólaráði á næsta skólaári. Jafnframt eigi aðstoðarskólastjóri að sjá um að rita fundargerðir. Fundarmenn samþykktu tillöguna fyrir sitt leyti.

Fundi slitið kl. 18.50

Pálmi Ingólfsson ritaði fundargerð.